

**Fundur haldinn í Menningarráði Norðurlands vestra,
á Skagaströnd, fimmtudaginn 6. desember 2012, kl. 16.00**

Á ársþingi SSNV, 27. nóvember sl., var kosið í Menningarráð Norðurlands vestra til tveggja ára. Eftirtaldir aðilar hlutu kosningu:

Aðalfulltrúar

Adolf H. Berndsen

Björg Baldursdóttir

Guðný Kjartansdóttir

Ragnar Smári Helgason

Til vara

Valgeir Karlsson

Hrefna G. Björnsdóttir

Bjarki Tryggvason

Elín Jóna Rósinberg

Samkvæmt samþykktum Menningarráðs tilnefnir stjórn SSNV fimmta fulltrúann í ráðið og varamann hans. Á fundi stjórnar SSNV, 4. desember sl., var Bjarni Jónsson tilnefndur aðalfulltrúi í ráðið og Þóra Sverrisdóttir til vara.

Á fundinn voru eftirtaldir mættir: Björg Baldursdóttir, Guðný Kjartansdóttir, Adolf H. Berndsen, Ragnar Smári Helgason og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi. Bjarni Jónsson boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Kosning formanns menningarráðs

Fram kom tillaga um Björgu Baldursdóttur sem formann ráðsins og var það samþykkt. Tók hún síðan við stjórn fundarins.

2. Tilnefning eins fulltrúa í samráðsvettvang Sóknaráætlunar Norðurlands vestra

Stjórn SSNV hefur óskað eftir því að Menningarráð Norðurlands vestra tilnefni einn fulltrúa í samráðsvettvang Sóknaráætlunar Norðurlands vestra. Samþykkt var að Björg Baldursdóttir verði fulltrúi menningarráðs.

3. Næsta umsóknar- og úthlutunarferli

Samþykkt var að í byrjun janúar 2013 verði auglýst eftir umsóknum um verkefnastyrki og stofn- og rekstrarstyrki. Umsóknarfrestur verði til 7. febrúar 2013. Stefnt er að því að úthlutunarferlinu ljúki í mars.

4. Önnur mál

- Lagt fram minnisblað um helstu verkefni menningarráðs á næsta ári. Má þar nefna margvíslegan undirbúning að nýjum menningarsamningi en sá sem nú er í gildi rennur út í lok næsta árs, málþing, ráðstefnuna Menningarlandið 2013, auk umsóknar- og úthlutunarferla menningarstyrkja.
- Stefnt að símafundi 18. desember, kl. 13.30, um úthlutunarreglur og auglýsingu fyrir næstu úthlutun.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerðin upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17.15.

Ingibergur Guðmundsson